

19. júní 2019

Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018

Local government elections 26 May 2018

Samantekt Sveitarstjórnarkosningar fóru fram 26. maí 2018 og náðu til allra 72 sveitarfélaga landsins. Í 56 sveitarfélögum, þar sem 99% einstaklinga á kjörskrá voru búsettir, var bundin hlutfallskosning. Þar af var sjálfkjörið í einu sveitarfélagi þar sem aðeins var boðinn fram einn listi. Kosning var óbundin í 16 sveitarfélögum þar sem 1% kjósenda var á kjörskrá. Á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018 voru 247.943 eða 71,2% landsmanna. Karlar á kjörskrá voru 123.763 (49,9%) og konur 124.180 (50,1%). Í kosningunum greiddu atkvæði 167.622 kjósendur í 71 sveitarfélagi, eða 67,6% af þeim 247.890 sem voru þar á kjörskrá. Kosningaþátttaka kvenna var meiri en karla og var kosningaþátttaka breytileg eftir aldri, meiri meðal eldri en yngri kjósenda. Þátttaka ungra nýrra kjósenda var 51,5%. Þátttaka kjósenda með erlent ríkisfang var 18%, rúmt 51% meðal norrænna kjósenda en 15% meðal annarra erlendra ríkisborgara. Gild atkvæði voru 162.587. Auðir seðlar voru 4.225 og aðrir ógildir 774 eða samanlagt 3,0% greiddra atkvæða.

Í 56 sveitarfélögum komu fram 198 framboðslistar, þar af var einn listi í boði í einu sveitarfélagi og því sjálfkjörið þar. Tala frambjóðenda í sömu sveitarfélögum var 3.482, 1.797 karlar (51,6%) og 1.685 konur (48,4%). Alls voru kjörnir 502 sveitarstjórnarmenn á landinu öllu, 266 karlar eða 53,0% og 236 konur eða 47,0%. Hefur hlutfall kvenna af kjörnum fulltrúum aldrei verið hærra.

Tafla 1. Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018

Table 1. Local government elections 26 May 2018

	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
Kjósendur á kjörskrá, alls <i>Voters on the electoral roll, total</i>	247.943	123.763	124.180
Kjósendur á kjörskrá þar sem kosning fór fram ¹ <i>Voters on the electoral roll where election took place ¹</i>	247.890	123.738	124.152
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	167.622	82.243	85.379
Kosningaþátttaka alls, % <i>Participation percent total</i>	67,6	66,5	68,8
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>	67,5	66,4	68,7
Óbundin kosning <i>Direct vote</i>	74,8	72,7	77,2
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	162.587	.	.
Auðir seðlar <i>Blank ballots</i>	4.225	.	.
Ógildir seðlar <i>Void ballots</i>	774	.	.
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	3.482	1.797	1.685
Kjörnir fulltrúar <i>Elected representatives</i>	502	266	236
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional vote</i>	420	220	200
Óbundin kosning <i>Direct vote</i>	82	46	36

1 Sjálfkjörið var í einu sveitarfélagi. *Only one list was offered in one municipality and hence no voting there.*

Framkvæmd kosninganna

Tilhögun kosninga

Lög um kosningar til sveitarstjórna tóku gildi 13. mars 1998.¹ Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi 1. janúar 2012² en þau leystu af hólmi sveitarstjórnarlög nr. 45 frá 3. júní 1998 með áorðnum breytingum. Samkvæmt lögum er kjörtímabil sveitarstjórna fjögur ár og fara almennar sveitarstjórnarkosningar fram í öllum sveitarfélögum landsins síðasta laugardag í maímánuði sem ekki ber upp á laugardag fyrir hvítasunnu.³ Fulltrúar í sveitarstjórnnum skulu kjörnir í leynilegum almennum kosningum sem eru með tvennu móti:

- a. Bundnar hlutfallskosningar þar sem kosning er bundin við framboð á listum og fulltrúar á hverjum lista ná kjöri í hlutfalli við það atkvæðamagn sem listinn fær.
- b. Óbundnar kosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð en allir kjósendur eru í kjöri nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrirfram skorast undan því.⁴

Kosningarréttur 2018

Í sveitarfélögum skal almennt kjósa bundinni hlutfallskosningu. Komi enginn framboðslisti fram áður en framboðsfresti lýkur eða svo fá nöfn eru á framboðslistum að sveitarstjórn verður ekki fullskipuð í bundinni kosningu skal kosning verða óbundin.⁵ Kosningarrétt við kosningar til sveitarstjórnar á hver íslenskur ríkisborgari sem náð hefur 18 ára aldri þegar kosning fer fram og á lögheimili í sveitarfélaginu.⁶ Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann er skráður með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag⁷ (5. maí fyrir kosningarnar 2018). Kjörgengir í sveitarstjórn eru allir þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og hafa ekki verið sviptir lögræði.⁸

Kjörskrár

Sveitarstjórnir semja kjörskrár eftir kjörskrárstofnum sem Þjóðskrá Íslands lætur þeim í té⁹ og þær gera síðan svo úr garði að úr verður gild kjörskrá.

Sveitarstjórnarlög frá 1986 giltu til 1998¹⁰, þar áður sveitarstjórnarlög frá 1961¹¹ og lög um sveitarstjórnarkosningar frá 1962¹² sem tóku við af lögunum frá 1929 og 1936.

Kosningarréttur 1930–2010

Kosningarréttur til sveitarstjórnar hefur verið rýmkaður nokkrum sinnum undanfarna áratugi. Kosningaraldur var 21 ár í kosningunum 1930–1966¹³, 20 ár í kosningunum 1970–1982¹⁴ og 18 ár frá 1986¹⁵. Skilyrði um óflekkað mannorð var fellt niður með sveitarstjórnarlögunum frá 1961. Ríkisborgarar annars staðar af Norðurlöndum fengu kosningarrétt til sveitarstjórnar árið 1982 ef þeir höfðu átt

¹ Lög um kosningar til sveitarstjórna nr. 5 6. mars 1998, breytt með lögum nr. 82/1998, l. nr. 27/2002, l. nr. 50/2006, l. nr. 167/2007, l. nr. 98/2009, l. nr. 77/2010, l. nr. 162/2010, l. nr. 126/2011, l. nr. 138/2011, l. nr. 111/2012, l. nr. 117/2012.

² Sveitarstjórnarlög nr. 138 17. september 2011.

³ 1. gr. laga nr. 5/1998.

⁴ 19. gr. laga nr. 5/1998.

⁵ 20. gr. laga nr. 5/1998.

⁶ 1. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998.

⁷ 5. gr. laga nr. 5/1998.

⁸ 3. gr. laga nr. 5/1998.

⁹ 4. gr. laga nr. 5/1998.

¹⁰ Lög nr. 8/1986.

¹¹ Lög nr. 58/1961.

¹² Lög nr. 5/1962.

¹³ 1. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1929.

¹⁴ 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1967.

¹⁵ 1. mgr. 19. gr. laga nr. 8/1986.

lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag¹ og ríkisborgarar annarra landa gátu fyrst kosið við sveitarstjórnarkosningar 2002 ef þeir höfðu átt lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld miðað við 1. desember næstan fyrir kjördag.² Skilyrði um að maður væri ekki sviptur lögræði til þess að eiga kosningarrétt féll niður 1986.³

Málefni sveitarstjórnarkosninga flutt milli ráðuneyta

Með lögum nr. 98/2009⁴ (Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands) var lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 breytt og málefni sveitarstjórnarkosninga flutt frá samgönguráðuneyti til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins. Þann 1. janúar 2011 tók innanríkisráðuneytið til starfa eftir sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins⁵. Voru málefni almannakosninga meðal verkefna þessa ráðuneytis til 1. maí 2017 þegar innanríkisráðuneytinu var skipt í dómsmálaráðuneyti og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og málefnið varð verkefni dómsmálaráðuneytisins.

Breyting á kosningalögum

Hinn 18. október 2012 tóku gildi lög nr. 111/2012 um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis⁶ og lögum um kosningar til sveitarstjórna⁷. Með breytingunum verður kjósanda sem sakir sjónleysis eða þess að honum er hönd ónothæf heimilt við atkvæðagreiðsluna að fá aðstoð fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur í stað kjörstjóra eða kjörstjórnarmanns eins og verið hefur og er áfram heimilt. Geti þessir kjósendur ekki sjálfir með skýrum hætti tjáð kjörstjóra eða kjörstjórn þennan vilja sinn skulu kjörstjóri eða kjörstjórn heimila fulltrúa kjósandans að aðstoða hann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósandinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Því hafa fatlaðir kjósendur, sem löginn taka til, nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi. Reyndi fyrst á þessi nýmæli í lögum við þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október 2012.

Kosningaskýrsla

Samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna⁸ skal yfirkjörstjórn senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublað sem Hagstofan lætur í té. Fyrir kosningarnar sendi Hagstofa kynningarbréf með gagnabeiðni til yfirkjörstjórna sveitarfélaga. Til að gera skýrsluskilin auðveldari og öruggari voru þau gerð með vefskilum. Óskað var eftir upplýsingum eftir kyni um: kjósendur á kjörskrá (að teknu tilliti til breytinga á kjörskrárstofni), kosningaþátttöku (greidd atkvæði á kjörfundi og utan kjörfundar), aðstoð við kosningu á kjörfundi og úrslit í bundinni/óbundinni kosningu. Var hér um hefðbundna gagnabeiðni að ræða.

Skil og frágangur á þessum skýrslum til Hagstofunnar gekk almennt vel. Í nokkrum tilvikum voru upplýsingar ekki fullnægjandi og var þá haft samband við hlutaðeigandi kjörstjórnir, skýringa leitað og niðurstaða fengin.

Gagnasöfnun um kjörsókn eftir aldri

Alþingi samþykkti 16. maí 2014 þingsályktun um að fela forsætisráðherra að hlutast til um að Hagstofa Íslands kallaði eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um kjörsókn eftir fæðingarári. Jafnframt fólst í tillögunni að hefja skyldi gagnasöfnun

¹ 3. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 9/1982.

² 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, sbr. 1. gr. laga nr. 27/2002.

³ Lög nr. 8/1986.

⁴ 56. gr. laga nr. 98/2009.

⁵ 150. gr. laga nr. 162/2010 um breytingar á lögum nr. 5/1998.

⁶ Lög nr. 24/2000.

⁷ Lög nr. 5/1998.

⁸ 88. gr. laga nr. 5/1998.

við sveitarstjórnarkosningar vorið 2014. Að fengnum tilmælum forsætisráðuneytis stóð Hagstofan að úrtaksrannsókn á kjörsókn einstaklinga eftir aldri til viðbótar hefðbundinni gagnasöfnun vegna kosningaskýrslna Hagstofunnar og birti niðurstöður þar að lútandi. Með vísan til áðurnefndrar þingsályktunar stóð Hagstofan einnig nú að rannsókn á kjörsókn einstaklinga eftir aldri en að þessu sinni var hún heildstæð, þ.e. hún náði til allra kjósenda á kjörskrá eins og við forsetakosningarnar 2016 og við alþingiskosningarnar 2016 og 2017. Til að gera skýrsluskil auðveldari og öruggari voru þau gerð með vefskilum. Kjörstjórnir sveitarstjórna fengu leiðbeiningar um útfyllingu rafrænna skjala sem þeim voru send. Skil voru ekki tæmandi en gögn bárust fyrir 39 sveitarfélög.

Aðstoð við kosningu

Eins og getið var hér framar voru gerðar breytingar á kosningalögum með lögum nr. 111/2012 um aðstoð við kosningu sem gildi tóku 18. október 2012. Kjósendur sem lögin taka til hafa nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi. Óskaði Hagstofan eftir tölulegum upplýsingum frá yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga um aðstoð við kosningu á kjörfundi og frá sýslumönnum um aðstoð við kosningu utan kjörfundar.

Aðstoð við kosningu

Í heild fengu 389 kjósendur aðstoð við að kjósa, 171 karl og 218 konur. Af þessum hópi fengu 169 aðstoð við að kjósa utan kjörfundar en 220 á kjörfundi. Alls fengu 285 aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við að kjósa (73,3%). Þá fengu 104 aðstoð fulltrúa að eigin vali (26,7%), þar af 97 án vottorðs réttindagæslumanns og 7 með staðfestu vottorði réttindagæslumanns eins og nú er heimilt við sérstakar aðstæður.

Tafla 2. Kjósendur sem fengu aðstoð við kosningu í sveitarstjórnarkosningum 2018

Table 2. Voters receiving assistance with voting in local government elections 2018

	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	389	171	218	100,0	100,0	100,0
Aðstoð kjörstjóra/kjörstjórnarmanns <i>Assistance of an election officer</i>	285	111	174	73,3	64,9	79,8
Aðstoð fulltrúa að eigin vali <i>Assistance of a person of own choice</i>	104	60	44	26,7	35,1	20,2
án vottorðs réttindagæslumanns <i>without a certificate of a rights prot. officer</i>	97	54	43	24,9	31,6	19,7
staðfest með vottorði réttindagæslumanns <i>with a certificate of a rights protection officer</i>	7	6	1	1,8	3,5	0,5

Kjósendur á kjörskrá

<i>Fækkun sveitarfélaga</i>	Fjöldi sveitarfélaga við sveitarstjórnarkosningarnar 26. maí 2018 var 72 en var 74 í kosningunum 2014. Með sameiningu sveitarfélaga á undanförunum árum hefur sveitarfélögum fækkað mikið en þau voru 204 við kosningarnar 1990. Sú breyting varð frá kosningunum 2014 að Sandgerðisbær og Garður voru sameinuð í eitt sveitarfélag, Suðurnesjabæ og Breiðdalshreppur sameinaðist Fjarðabyggð.
<i>Kjörskrárstofn</i>	Fjöldi kjósenda á kjörskrá samkvæmt kjörskrárstofni sem Þjóðskrá lét sveitarfélögum í té í byrjun maí var 248.025. Þegar sveitarfélögin höfðu gert þær breytingar á kjörskrárstofni fram að kjördegi sem þeim var heimilt að gera t.d. vegna andláts, fjölda þeirra sem fengið höfðu nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var gerður eða annarra leiðréttinga, fækkaði kjósendum um 82.
<i>Fjöldi á kjörskrá</i>	Á endanlegri kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018 voru 247.943 eða 71,2% landsmanna miðað við mannfjölda 1. janúar 2018 sem var 348.450. Karlar á kjörskrá voru 123.763 (49,9%) og konur 124.180 (50,1%). Einstaklingum á kjörskrá fjölgaði um 8.209 frá síðustu sveitarstjórnarkosningum eða um 3,4%. Þá var tala þeirra 239.734 eða 73,2 % af íbúafjölda. Þeir sem höfðu í fyrsta sinn kosningarétt til sveitarstjórnarkosninga sökum aldurs voru 17.207, eða 6,9% af öllum sem voru á kjörskrárstofni. Þar af voru 8.811 karlar og 8.396 konur. Erlendir ríkisborgarar sem voru búsettir hér og höfðu kosningarétt við sveitarstjórnarkosningarnar 2018 voru 11.680 talsins, 6.050 karlar og 5.630 konur. Þar af voru 989 frá öðrum Norðurlöndum og 10.691 frá öðrum ríkjum samkvæmt kjörskrárstofnum.
<i>Bundin og óbundin kosning</i>	Kosið var bundinni hlutfallskosningu í 56 sveitarfélögum þar sem 99% allra á kjörskrá voru búsettir. Kosning var óbundin í 16 sveitarfélögum þar sem 1% einstaklinga á kjörskrá í heild bjó.
<i>Kosningaháttur og stærð sveitarfélaga</i>	Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri voru 56 talsins og var bundin hlutfallskosning í 52 og óbundin kosning í fjórum sveitarfélögum. Af 16 sveitarfélögum með íbúa undir 300 var kosning bundin í fjórum þar af sjálfkjörið í einu en óbundin kosning var í 12 sveitarfélögum (tafla 24). Í töflu 19 er sýndur fjöldi kjósenda á kjörskrá á hvern sveitarstjórnarmann og í töflu 7 kemur fram hlutfallsleg breyting kjósenda á kjörskrá frá kosningunum 2014 eftir landsvæðum og ræður flokkun sveitarfélaga árið 2018 hvar þau teljast.

Tafla 3. Sveitarstjórnarkosningar eftir stærð sveitarfélaga 2018*Table 3. Local government elections by size of municipalities 2018*

	Landið allt <i>Whole country</i>	1.000 íbúar og fleiri <i>1,000 inhab. or more</i>	300–999 íbúar <i>300–999 inhabitants</i>	299 íbúar eða færri <i>Less than 300 inhab.</i>
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	72	33	23	16
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	3.482	2.895	521	66
Karlar <i>Males</i>	1.797	1.492	267	38
Konur <i>Females</i>	1.685	1.403	254	28
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	247.943	236.285	10.048	1.610
Hlutfall kjósenda af íbúatölu <i>Percent of population</i>	71,2	71,2	70,3	73,2
Karlar <i>Males</i>	123.763	117.689	5.236	838
Konur <i>Females</i>	124.180	118.596	4.812	772
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	167.622	158.320	8.048	1.254
Karlar <i>Males</i>	82.243	77.458	4.142	643
Konur <i>Females</i>	85.379	80.862	3.906	611
Þar af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>	20.511	19.262	1.110	139
Kosningaþátttaka, %¹ <i>Participation, %¹</i>	67,6	67,0	80,1	80,5
Karlar <i>Males</i>	66,5	65,8	79,1	79,1
Konur <i>Females</i>	68,8	68,2	81,2	82,1
Úrslit <i>Outcome</i>				
Atkvæðaseðlar alls <i>Ballots, total</i>	167.586	158.284	8.048	1.254
Gildir <i>Valid votes</i>	162.587	153.590	7.770	1.227
Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>	4.999	4.694	278	27
Fulltrúar <i>Representatives, total</i>	502	287	135	80
Karlar <i>Males</i>	266	149	73	44
Konur <i>Females</i>	236	138	62	36
Hlutfallsleg skipting <i>Percentages</i>				
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	100,0	34,7	29,2	36,1
Frambjóðendur <i>Candidates</i>	100,0	83,1	15,0	1,9
Karlar <i>Males</i>	100,0	83,0	14,9	2,1
Konur <i>Females</i>	100,0	83,3	15,1	1,7
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	100,0	95,3	4,1	0,6
Karlar <i>Males</i>	100,0	95,1	4,2	0,7
Konur <i>Females</i>	100,0	95,5	3,9	0,6
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	100,0	94,5	4,8	0,7
Karlar <i>Males</i>	100,0	94,2	5,0	0,8
Konur <i>Females</i>	100,0	94,7	4,6	0,7
Þar af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>	100,0	93,9	5,4	0,7
Úrslit <i>Outcome</i>				
Atkvæðaseðlar alls <i>Ballots, total</i>	100,0	94,4	4,8	0,7
Gildir <i>Valid votes</i>	100,0	94,5	4,8	0,8
Auðir og ógildir <i>Blank and void</i>	100,0	93,9	5,6	0,5
Fulltrúar <i>Representatives, total</i>	100,0	57,2	26,9	15,9
Karlar <i>Males</i>	100,0	56,0	27,4	16,5
Konur <i>Females</i>	100,0	58,5	26,3	15,3

1 Kosningaþátttaka í sveitarfélögum þar sem kosning fór fram. *Participation in municipalities where voting took place.*

Kosningaþátttaka

Kosningaþátttaka 67,6%

Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 greiddu 167.622 kjósendur atkvæði í 71 sveitarfélagi eða 67,6% af þeim 247.890 sem voru þar á kjörskrá. Í einu sveitarfélagi, Tjörneshreppi, með 53 á kjörskrá var einn listi í framboði og hann því sjálfkjörinn án atkvæðagreiðslu. Kosningaþátttakan var heldur meiri en árið 2014 þegar hún var 66,5%, sú dræmasta í sveitarstjórnarkosningum til þessa, en lengst af hefur hún verið á bilinu 80–88%. Mest hefur þátttaka í sveitarstjórnarkosningum orðið 87,8%, árið 1974.

Tafla 4. Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1998–2018

Table 4. Participation in local government elections 1998–2018

	1998	2002	2006	2010	2014	2018
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	124	105	79	76	74	72
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	193.632	204.945	216.163	225.855	239.734	247.943
Hlutfall kjósenda af íbúatölu <i>Percent of population</i>	71,2	71,3	71,3	71,0	73,2	71,2
Karlar <i>Males</i>	96.396	101.821	107.494	112.233	119.373	123.763
Konur <i>Females</i>	97.236	103.124	108.669	113.622	120.361	124.180
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	159.187	168.913	169.976	165.238	158.616	167.622
Karlar <i>Males</i>	78.544	83.027	83.804	81.536	78.008	82.243
Konur <i>Females</i>	80.643	85.886	86.172	83.702	80.608	85.379
Þar af utan kjörfundar <i>Absentee votes thereof</i>	15.877	16.610	22.371	16.409	19.661	20.511
Hlutfall af greiddum atkvæðum <i>Percent of votes cast</i>	10,0	9,8	13,2	9,9	12,4	12,2
Kosningaþátttaka, þar sem ekki var sjálfkjörið, % <i>Participation, percent¹</i>	82,3	83,2	78,7	73,5	66,5	67,6
Karlar <i>Males</i>	81,5	82,3	78,1	73,0	65,7	66,5
Konur <i>Females</i>	83,0	84,0	79,4	74,0	67,3	68,8


1 Participation in municipalities where voting took place.

Kosningaþátttaka kvenna meiri en karla

Í kosningunum 2018 greiddu 82.243 karlar og 85.379 konur atkvæði. Voru karlar 49,1% þeirra sem greiddu atkvæði og konur 50,9%. Kosningaþátttaka karla var 66,5% (65,7% árið 2014) og kvenna 68,8% (67,3% árið 2014). Hefur kosningaþátttaka kvenna verið meiri en karla í sveitarstjórnarkosningum allt frá 1994 og í alþingiskosningum allt frá 1995. Við forsetakjör hefur þátttaka kvenna einnig verið meiri en karla frá árinu 1980. Áður var kosningaþátttaka karla ávallt meiri en kvenna.

Mynd 1. Kosningabátttaka í sveitarstjórnarkosningum 1950–2018¹

Figure 1. Participation in local government elections 1950–2018¹



1 Kosningabátttaka er miðuð við tölu kjósenda á kjörskrá þar sem kosning fór fram. Participation refers to those on electoral roll where voting took place.

Kosningabátttaka eftir aldri


Eins og getið er um hér framar var gerð rannsókn af hálfu Hagstofunnar á kosningabátttöku eftir aldri. Var þessara upplýsinga aflað á grundvelli þingsályktunar Alþingis. Heimtur voru ekki tæmandi en svör bárust frá 39 sveitarfélögum. Niðurstöður um kjörsókn eftir aldri byggja því eingöngu á gögnum kjörstjórna þeirra 39 sveitarfélaga sem skiluðu skráningarskjölum þar að lútandi til Hagstofunnar. Þekja innsendra gagna nær yfir ríflega 70% einstaklinga á kjörskrá og voru skil eftir staðsetningu og stærð sveitarfélaga í öllum tilvikum ágæt. Það sama á við um tölur um kosningabátttöku eftir ríkisfangi sem unnar eru á grundvelli sömu gagna. Myndir 2, 3, 4 og 5 sýna niðurstöður úr ofangreindri rannsókn.

Þátttakan minnst í aldurshópi 20–24 ára

Kosningabátttaka var almennt minni í yngri aldurshópum eins og í sveitarstjórnarkosningum 2014, forsetakjöri 2016 og alþingiskosningum 2016 og 2017. Minnst kosningabátttaka var í aldurshópnum 20–24 ára en tæpur helmingur þeirra greiddi atkvæði í kosningunum (48,1%) og rétt rúmur helmingur þeirra sem voru 25–29 ára (51,2%). Hinsvegar mætti yngsti aldurshópurinn, 18–19 ára, betur á kjörstað (53,7%). Þátttaka í kosningunum var mest í aldurshópnum 65–74 ára eða um 83% en minnkaði svo með hækkandi aldri. Var þessu svipað farið hjá konum og körlum en þátttaka kvenna eftir aldri var meiri en karla allt að aldurshópnum 65–69 ára þegar viðsnúningur varð og var kjörsókn eldri karla meiri en eldri kvenna.

Mynd 2. Kosningabátttaka eftir kyni og aldri 2018

Figure 2. Participation by sex and age 2018




Skýringar Notes: Niðurstöður byggja á gögnum fyrir 39 sveitarfélög. Results are based on data from 39 municipalities.

Kosningabátttaka eftir aldri og íbúafjölda í sveitarfélögum

Kjörsókn var lægst í sveitarfélögum með 10.000–99.999 íbúa, eða 60,1% en jókst eftir því sem sveitarfélögin voru fámennari. Kosningabátttakan hækkaði almennt með hækkandi aldri jafnt í fjölmönnum sem fámennari sveitarfélögum. Kjörsókn 18–29 ára var 42,1% í sveitarfélögum með 10.000–99.999 íbúa en 69,9% hjá 40 ára og eldri. Í sveitarfélögum með færri en 5.000 íbúa var kosningabátttaka 18–29 ára 62–67% en 82–84% hjá 40 ára og eldri.

Mynd 3. Kosningabátttaka eftir aldri og íbúafjölda í sveitarfélögum 2018

Figure 3. Participation by age and number of inhabitants in municipalities 2018



Skýringar Notes: Byggt er á niðurstöðum fyrir 39 sveitarfélög. Based on results from 39 municipalities.


Kosningabátttaka nýrra ungra kjósenda

Eins og áður er getið var kosningabátttakan lægst meðal 20–24 ára en heldur hærra hjá 18–19 ára. Stór hluti þessa hóps eru nýir kjósendur og því áhugavert að skoða þann hóp sérstaklega.

Kosningabátttaka nýrra ungra kjósenda, þ.e. þeirra sem kusu í fyrsta sinn í sveitarstjórnarkosningunum 2018 en höfðu ekki aldur til að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum 2014, var 51,5%, 50,0% karla og 53,1% kvenna. Þetta er all nokkuð lægra hlutfall en meðal eldri kjósenda en kjörsókn þeirra var 68,3%. Kosningabátttaka eftir stærð sveitarfélaga var með svipuðum hætti hjá nýjum ungum kjósendum og kjósendum almennt sbr. myndir 3 og 4, þ.e. hún var lægst í sveitarfélögum með 10.000–99.999 íbúa en jókst eftir því sem sveitarfélögin voru fámennari.

Mynd 4. Kosningabátttaka nýrra ungra kjósenda eftir íbúafjölda í sveitarfélögum 2018

Figure 4. Participation of new young voters by number of inhabitants in municipalities 2018



Skýringar Notes: Nýir ungrir kjósendur eru þeir sem kusu í fyrsta sinn í sveitarstjórnarkosningunum 2018 en höfðu ekki aldur til að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum árið 2014. Byggt er á niðurstöðum fyrir 39 sveitarfélög. New voters are those who voted for the first time in the local government elections 2018 but did not have the age to vote in the local government elections in 2014. Based on results from 39 municipalities.


Kosningabátttaka erlendra ríkisborgara

Rannsóknin á kjörsókn eftir aldri gaf einnig til kynna kosningabátttöku erlendra ríkisborgara. Á kjörskrárstofni voru alls 11.680 erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi sem höfðu kosningarétt við sveitarstjórnarkosningarnar, þar af voru 989 frá öðrum Norðurlöndum og 10.691 frá öðrum ríkjum.

Kosningabátttaka norrænna ríkisborgara með kosningarétt var 51,4% og annarra erlendra ríkisborgara 15,3% á sama tíma og kjörsókn var 69,7% hjá þeim sem höfðu íslenskt ríkisfang í þeim 39 sveitarfélögum sem gögn byggja á. Til samanburðar var þátttaka norrænna ríkisborgara 56,7% og annarra erlendra ríkisborgara 17,0% við sveitarstjórnarkosningarnar 2014 og er þátttakan því lægri nú. Um helmingi lægri kjörsókn var hjá aldurshópi 18–29 ára en hjá 40 ára og eldri bæði hjá norrænum og öðrum erlendum einstaklingum.

Mynd 5. Kjörsoðkn eftir aldri og ríkisfangi 2018

Figure 5. Participation by age and citizenship 2018



Skýringar Notes: Byggt er á niðurstöðum fyrir 39 sveitarfélög. Based on results from 39 municipalities.

Tafla 5. Kosningaþátttaka erlendra ríkisborgara 2018

Figure 5. Participation of foreign citizens 2018

	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
Kjösendur á kjörskrá Voters on the electoral roll			
Erlendir alls Foreign citizens total	11.680	6.050	5.630
Norrænir Nordic	989	394	595
Aðrir erlendir Other	10.691	5.656	5.035
Greidd atkvæði¹ Votes cast¹			
Erlendir alls Foreign citizens total	2.151	922	1.233
Norrænir Nordic	508	192	317
Aðrir erlendir Other	1.641	730	916
Kosningaþátttaka, %² Participation²			
Erlendir alls Foreign citizens total	18,4	15,2	21,9
Norrænir Nordic	51,4	48,7	53,2
Aðrir erlendir Other	15,3	12,9	18,2

Skýringar Notes: Byggt er á niðurstöðum fyrir 39 sveitarfélög. Based on results from 39 municipalities.

1 Áætluð greidd atkvæði. Votes cast is estimated.

2 Kosningaþátttaka er miðuð við tölu kjósenda á kjörskrá þar sem kosning fór fram. Participation refers to those on electoral roll where voting took place.

Kosningaþátttaka minni í
bundnum en óbundnum
kosningum

Kosningaþátttaka var á heildina litið minni í bundnum listakosningum en óbundnum kosningum eins og var í kosningunum 2014. Var kosningaþátttakan 67,5% í sveitarfélögum þar sem bundnar hlutfallskosningar voru en 74,8% þar sem kosning var óbundin. Í báðum tilvikum var kosningaþátttaka kvenna meiri en karla.

Tafla 6. Bundnar hlutfallskosningar og óbundar kosningar 2010–2018Table 6. *Proportional vote and direct vote 2010–2018*

	Bundin hlutfallskosning			Óbundin kosning		
	<i>Proportional vote</i>			<i>Direct vote</i>		
	2010	2014	2018	2010	2014	2018
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>	58	56	56	18	18	16
Kjósendur á kjörskrá						
<i>Voters on the electoral roll</i>	223.245	236.680	245.407	2.610	3.054	2.536
Hlutfall kjósenda af íbúatölu						
<i>Percent of population</i>	71,0	73,2	71,1	71,7	74,2	74,0
Karlar <i>Males</i>	110.854	117.753	122.442	1.379	1.620	1.321
Konur <i>Females</i>	112.391	118.927	122.965	1.231	1.434	1.215
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	163.366	156.477	165.724	1.872	2.139	1.898
Karlar <i>Males</i>	80.558	76.895	81.283	978	1.113	960
Konur <i>Females</i>	82.808	79.582	84.441	894	1.026	938
Þar af utan kjörfundar						
<i>Absentee votes thereof</i>	16.228	19.493	20.279	181	168	232
Hlutfall af greiddum atkvæðum						
<i>Percent of votes cast</i>	9,9	12,5	12,2	9,7	7,9	12,2
Kosningabátttaka, %						
<i>Participation, %</i>	73,5	66,4	67,5	71,7	70,0	74,8
Karlar <i>Males</i>	73,0	65,6	66,4	70,9	68,7	72,7
Konur <i>Females</i>	74,0	67,2	68,7	72,6	71,5	77,2

Kosningabátttaka eftir stærð sveitarfélaga

Sé litið á stærð sveitarfélaga var kosningabátttakan mest í sveitarfélögum með færri en 300 íbúa eða 80,5%, því næst í sveitarfélögum með 300–999 íbúa, eða 80,1% og minnst var hún í sveitarfélögum með 1.000 íbúa eða fleiri, eða 67,0%. Var kosningabátttaka kvenna meiri en karla eftir þessari skiptingu sveitarfélaga (tafla 3).

Tafla 7. Kosningaþátttaka í sveitarstjórnarkosningum eftir landsvæðum 2018
 Table 7. Participation rates in local government elections by regions 2018

	Kjós- endur á kjörskrá, breyt., % 2014– 2018 ¹	Kosningaþátttaka, greidd atkvæði sem % af kjósendum á kjörskrá <i>Participation rate, percent</i>			Af greiddum atkvæðum, % <i>Votes cast, %</i>	
		Alls <i>Total</i>	Karlur <i>Males</i>	Konur <i>Female</i>	Utankjör- fundar- atkvæði ²	Auðir og ógildir seðlar ³
Allt landið <i>Whole country</i>	3,4	67,6	66,5	68,8	12,2	3,0
Sveitarfélög <i>Municipalities</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	3,3	65,4	64,5	66,3	11,8	2,7
Reykjavík	-0,4	67,1	65,9	68,3	12,1	2,4
Önnur sveitarfélög <i>Other municipalities</i>	8,6	63,2	62,6	63,7	11,4	3,2
Utan Höfuðborgarsvæðis <i>Outside Capital region</i>	5,4	71,6	70,0	73,4	13,0	3,4
1.000 íbúar og fleiri <i>1,000 inhabitants and over</i>	6,7	70,4	68,6	72,3	12,9	3,4
300–999 íbúar <i>300–999 inhab.</i>	-14,5	80,1	79,1	81,2	13,8	3,5
299 íbúar eða færri <i>Less than 300 inhabitants</i>	-3,7	80,9	79,2	82,8	12,3	1,9
Kosningaháttur <i>Election mode</i>						
Bundnar hlutfallskosningar <i>Proportional voting</i>	3,4	67,5	66,4	68,7	12,2	3,0
Óbundin kosning <i>Direct voting</i>	-17,0	74,8	72,7	77,2	12,2	2,6
Landsvæði <i>Regions</i>						
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	3,3	65,4	64,5	66,3	11,8	2,7
Suðurnes <i>Southwest</i>	9,8	60,4	58,3	62,6	9,6	2,3
Vesturland <i>West</i>	3,4	73,9	71,9	76,0	11,9	4,4
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	-3,5	77,0	75,1	79,0	17,9	3,0
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	-1,7	79,7	79,3	80,2	13,1	3,2
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	1,8	71,0	69,5	72,4	13,2	3,6
Austurland <i>East</i>	-1,5	73,5	71,7	75,5	14,2	3,5
Suðurland <i>South</i>	6,7	76,5	75,0	78,1	13,8	3,3

1 Increase of voters on electoral roll between municipal elections 2014 and 2018, %.

2 Percent of votes cast. Absentee votes.

3 Percent of votes cast. Blank and void ballots

Höfuðborgarsvæði og landsbyggð

Kosningaþátttakan var 65,4% á höfuðborgarsvæðinu en 71,6% utan þess. Var þátttakan minnst á Suðurnesjum (60,4%) séu landsvæðin átta borin saman en mest á Norðurlandi vestra (79,7%). Kosningaþátttaka kvenna var meiri en karla á öllum landsvæðum (tafla 7). Í Reykjavík kusu 67,1% kjósenda á kjörskrá, 65,9% karla og 68,3% kvenna.

Tafla 8. Fjöldi sveitarfélaga eftir þátttöku í sveitarstjórnarkosningum 2018

Table 8. Number of municipalities by participation in local government elections 2018

	Alls <i>Total</i>	90,0– 100,0%	80,0– 89,9%	70,0– 79,9%	60,0– 69,9%	45,0– 59,9%	Engin atkvgr. ¹
Alls Total	72	3	23	29	14	2	1
Eftir kyni By sex							
Karlar <i>Males</i>	72	3	22	28	15	3	1
Konur <i>Females</i>	72	5	26	30	8	2	1
Eftir þátttökumun karla og kvenna By difference in participation							
Þátttaka kvenna meiri <i>Female participation higher</i>	55	4	21	21	7	2	.
Þátttaka karla meiri <i>Male participation higher</i>	14	2	7	5	–	–	.
Þátttaka jöfn <i>Equal participation</i>	3	–	–	2	–	–	1
Eftir íbúafjölda By population							
1.000 íbúar og fleiri <i>1,000 inhabitants and over</i>	33	–	6	16	9	2	–
300–999 íbúar <i>300–999 inhabitants</i>	23	1	10	9	3	–	–
299 íbúar eða færri <i>Less than 300 inhabitants</i>	16	2	7	4	2	–	1
Eftir kosningahætti By election mode							
Bundin hlutfallskosning <i>Proportional voting</i>	56	2	18	23	10	2	1
Óbundin kosning <i>Direct voting</i>	16	1	5	6	4	–	–
Eftir landsvæðum By regions							
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	7	–	–	2	4	1	–
Suðurnes	4	–	–	1	2	1	–
Vesturland	10	–	5	4	1	–	–
Vestfirðir	9	2	3	2	2	–	–
Norðurland vestra	7	–	3	4	–	–	–
Norðurland eystra	13	1	2	6	3	–	1
Austurland	8	–	3	3	2	–	–
Suðurland	14	–	7	7	0	–	–
Hlutfallsleg skipting Percent distribution	100,0	4,2	31,9	40,3	19,4	2,8	1,4

1 No voting.

Kosningaþátttaka mest 93,5% en minnst 57,0%

Í 71 sveitarfélagi þar sem kosning fór fram var kosningaþátttakan mest í Árneshreppi, 93,5% og því næst í Langanesbyggð 90,5%. Var kosningaþátttakan minnst í Reykjanesbæ 57,0% og því næst í Hafnarfirði 58,1%.

Kosningaþátttaka karla mest 95,5% og kvenna 94,3%

Kosningaþátttaka karla var mest í Árneshreppi eða 95,5% og kvenna í Tálknafjarðarhreppi, 94,3%. Næst mest þátttaka karla var í Kaldrananeshreppi, 92,1% en kvenna í Árneshreppi, eða 91,7%.

Kosningaþátttaka karla minnst 52,8% og kvenna 58,9%

Minnst var kosningaþátttaka karla í Borgarfjarðarhreppi, eða 52,8% og í Reykjanesbæ, 55,2% og kvenna í Reykjanesbæ, 58,9% og í Hafnarfirði 59,0% (tafla 24).

Kosningaþátttaka kvenna var meiri en karla í 55 sveitarfélögum en þátttaka karla meiri en kvenna í 14 sveitarfélögum. Var kosningaþátttaka kynja jöfn í tveimur sveitarfélögum en sjálfkjörið var í einu sveitarfélagi (tafla 8).

Atkvæði greidd utan kjörfundar

Utankjörfundaratkvæði 12,2 %
greiddra atkvæða

Í sveitarstjórnarkosningunum 2018 voru 20.511 atkvæði greidd utan kjörfundar eða 12,2% atkvæða sem er nánast sama hlutfall og í kosningunum 2014 (12,4%). Var þetta hlutfall svipað fyrir konur og karla. Í töflu 7 kemur fram hlutfall atkvæða sem greidd hafa verið utan kjörfundar eftir stærð sveitarfélaga, kosningahætti og landsvæðum. Var þetta hlutfall 12,2% bæði í sveitarfélögum þar sem kosning var bundin og þar sem hún var óbundin. Var hlutfall utankjörfundaratkvæða hæst á Vestfjörðum (17,9%) en lægst á Suðurnesjum (9,6%).

Framboðslistar

198 framboðslistar í 56
sveitarfélögum

Fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018 voru lagðir fram 198 framboðslistar í 56 sveitarfélögum en í kosningunum 2014 komu fram 184 framboðslistar í 56 sveitarfélögum. Í einu sveitarfélagi, Tjörneshreppi, kom aðeins einn listi fram og varð hann því sjálfkjörinn án kosningar. Flestir urðu listarnir 16 í Reykjavík, og 9 í Kópavogi en algengast var að tveir eða þrjár listar væru boðnir fram (tafla 9).

Tafla 9. Sveitarfélög eftir stærð og fjölda framboðslista 2018

Table 9. Municipalities by size and number of candidate lists 2018

	Sveitar- félög alls Municipalities, total	Framboðslistar í sveitarfélagi Candidate lists in a municipality					
		1	2	3	4	5	6–16
Allt landið Whole country	56	1	22	16	8	1	8
Höfuðborgarsvæðið Capital region	6	–	–	–	2	–	4
Önnur sveitarf. með 1.000 íbúa eða fl. Other municipalities of 1,000 and over	27	–	6	10	6	1	4
Sveitarfélög með 300–999 íbúa Municipalities of 300–999 inhabitants	19	–	13	6	–	–	–
Sveitarfélög með 299 íbúa og færri Municipalities of less than 300 inhab.	4	1	3	–	–	–	–

Skýringar Notes: Sveitarfélög þar sem bundnar hlutfallskosningar fóru fram. Municipalities with proportional vote.

Listabókstafir - undantekningar

Í töflu 26 er sýnd tala framboðslista eftir flokkum sveitarfélaga og fyrir þau stjórn-málasamtök sem buðu fram á fleiri en einum stað og/eða eiga fulltrúa á Alþingi. Þau samtök sem hér um ræðir eru Framsóknarflokkur (B), Viðreisn (C), Sjálfstæðisflokkur (D), Flokkur fólksins (F), Miðflokkurinn (M), Píratar (P), Samfylkingin (S) og Vinstrihreyfingin-grænt framboð (V). Í þessari samantekt er listabókstafur látinn ráða hvaða listar teljast til hverra samtaka ef um viðbót við flokksheiti er að ræða. Í fáeinum tilvikum eiga listabókstafir ekki við þau stjórn-málasamtök sem bókstafurinn vísar almennt til. Í slíkum tilvikum teljast framboðs-listarnir til „annarra lista“ í samantektinni og víðar eftir því sem við á. Þetta á við lista með listabókstafinn F, þ.e. aðra lista en á við Flokk fólksins. Þá eru dæmi um að stjórn-málasamtök séu í samstarfi við aðra aðila og bjóði fram undir öðrum listabókstaf en sínum eigin.

Fram komu 103 framboðslistar samanlagt með listabókstafina B, C, D, F, M, P, S, og V sem höfðu skírskotun til viðkomandi stjórnáttálistar og 95 aðrir listar. Framsóknarflokkurinn (B) bauð fram í 24 sveitarfélögum, Viðreisn (C) í fjórum, Sjálfstæðisflokkurinn (D) í 34, Flokkur fólksins í einu, Miðflokkurinn í 12, Píratar í 5, Samfylkingin (S) í 13, og Vinstrihreyfingin-grænt framboð (V) í 10 sveitarfélögum (tafla 26).

16 framboðslistar í Reykjavík og 9 í Kópavogi

Á höfuðborgarsvæðinu komu fram alls 49 listar í 6 sveitarfélögum (óbundin kosning var í einu sveitarfélagi þar). Í Reykjavík voru 16 framboðslistar og níu í Kópavogi. Í Hafnarfirði og Mosfellsbæ voru átta framboðslistar í hvoru sveitarfélagi, en fjórir listar í Garðabæ og einnig á Seltjarnarnesi.

Framboðslistar utan höfuðborgarsvæðis flestir átta í Reykjanesbæ

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með 1.000 íbúa eða fleiri komu fram 98 listar í 27 sveitarfélögum. Í einu sveitarfélagi, Reykjanesbæ voru átta listar í boði en sjö á Akureyri. Sex listar voru í tveimur sveitarfélögum en 2–5 listar í öðrum.

Í sveitarfélögum með 300–999 íbúa komu fram 44 listar í 19 sveitarfélögum. Voru tveir til þrjár listar í hverju þeirra en algengast var að tveir listar væru í boði.

Í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins með íbúa undir 300 voru þrjú sveitarfélög með tvo lista hvert og eitt með einn lista.

Frambjóðendur

Karlar 52% frambjóðenda en konur 48%

